

## Skýrsla

68

um fund amtsráðsins í norður- og austuramtinu 2. og 3. júní 1885.

(Niðurlag).

29. Framlagðir voru eptirnefndir sýsluvegasjóðsreikningar fyrir 1884 til rannsóknar og úrskurðar amtsráðsins:

- a. Við reikninginn úr Húnavatnssýslu fannst ekkert að athuga.
- b. Við reikninginn úr Skagafjarðarsýslu hefur endurskoðandi sýslunefndarinnar athugað, að tala verkfærra karlmannna í Viðvíkurhreppi sje sett 44 í stað 43½ og á því vegagjald hreppsins að vera 51 kr. 22 a. og vegagjaldið úr allri sýslunni 973 kr. 79 a., en ekki 974 kr. 38 a. Skuld til næsta árs er því 3 kr. 85 a., en ekki 3 kr. 26 a. Að öðru leyti fannst ekkert að athuga við reikninginn.
- c. Við reikninginn úr Eyjafjarðarsýslu hafa endurskoðendur sýslunefndarinnar athugað, að skýrslan um vegagjörðina á sýsluveginum í Öxnadal (fylgiskjal 19) er mjög ógreinileg, þar sem hvorki er tilgreint, hve mikið verk hafi verið unnið, nje hvernig, og eigi sjest heldúr, hve mikið dagkaup hafi verið galdið. Amtsráðið er endurskoðendum samdóma um þetta, og leggur reikningshaldara fyrir, að útvega og senda ráðinu sem fyrst fullkomið fylgiskjal viðvíkjandi hinni áminnstu vegagjörð, og þar með skoðunargjörð tveggja tilkvaddra manna, eða eigið vottorð um hina umræddu vegagjörð. Hið sama er um fylgiskjölin viðvíkjandi vegabótum þeim, sem unnar hafa verið í Svarfadhaldal 1883 og í Þóroddsstaðahreppi 1884, að því leyti, sem það sjest eigi, í hverju þessar vegabætur hafa verið fólgnar, og býst amtsráðið við, að reikningshaldari sendi fullnægjandi skýrslu hjer um.
- d. Við reikninginn úr Suðurþingeyjarsýslu fannst að athuga:
  1. Skýrslan um vegagjörðina í Grýtubakkahreppi er óljós og ófullkomin, og verður sýslumaður að bæta úr þessu.
  2. Fylgiskjalið viðvíkjandi vegagjörðinni í Hrutey gefur enga lýsing á veginum og heldur eigi fylgir skýrsla um, hve mikið verk hafi unnið verið og hvernig það hafi verið af hendi leyst; amtsráðið ályktaði því, að skora á sýslumann að útvega og senda annaðhvort skoðunargjörð tveggja tilkvaddra manna á hinni unnu vegabót, eða sína eigin lýsing á veginum, hafi hann haft tækifæri til að skoða hann.
- e. Við reikninginn úr Norðurþingeyjarsýslu fannst ekkert að athuga. Reikningarnir úr Norðurmúlasýslu og Suðurmúlasýslu eru ókomnir, og fól amtsráðið forseta sínum að úrskurða þá síðar.

Fleiri mál komu eigi til umræðu á þessum fundi, og var svo fundi slitið.

Akureyri 24. dag júnímán. 1885.

*J. Havsteen.*

## Skýrsla

69

um aðalfund amtsráðsins í suðuramtinu 4.—6. d. júnímánaðar 1885.

Árið 1885, 4. d. júnímánaðar, átti amtsráð suðuramtsins fund með sjer á skrifstofu amtmannsins í suðuramtinu. Á fundinum voru: hinn setti amtmaður í suðuramtinu, og sem kosnir amtsfulltrúar, amtsráðsmaður Dr. Grímur Thomsen og varaamtsráðsmaður Ísleifur prestur Gíslason, sem oddviti hafði boðað á fundinn í stað amtsráðsmanns Skúla prófasts Gíslasonar, er hafði tilkynnt forföll sín.

Þessi málefni komu til umræðu:

13. dag ágústmán. 1885.

69

1. Forseti lagði fram reikning um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs suðuramtsins fyrir árið 1884, og fannst ekkert athugasemmt við hann annað en það, að amtsráðsmaður Grímur Thomsen áleit kostnað leiðandi af bandi á Stjórnartíðindum óparfan, með því að alltaf liggi 1 expl. af Stjórnartíðindum við amtið.

2. Forseti lagði fram reikning yfir búnaðarskólagjaldið í suðuramntinu 1884; var hann yfirfarinn, og fannst ekkert athugasemmt við hann.

3. Forseti lagði fram leiguliðasjóðsreikning suðuramtsins fyrir árið 1884; var hann einnig yfirfarinn, og fannst heldur ekkert athugasemmt við hann.

4. Forseti lagði fram eptirfylgjandi sýslusjóðsreikninga:

a. Reikning Borgarfjarðarsýslu fyrir árið 1883.

Amtsráðið fól forseta, að brýna á ný fyrir sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu fyrirmæli vegalaganna um vegagjörð á sýsluvegum. Sömu leiðis fól amtsráðið forseta, að leggja fyrir oddvita sýslunefndarinnar í Borgarfjarðarsýslu, að heimta endurborgaðar frá sýslunefndarmanni Þórði Þorsteinssyni á Leirá 4 kr., sem hann hafði reiknað sjer fyrir setu á sýslunefndarfundi, dags. 5. apríl 1883 á heimili hans, en sem ekki var haldinn.

b. Reikning Gullbringu- og Kjósarsýslu fyrir árið 1883.

Samkvæmt ályktun amtsráðsins á aðalfundi 27. júní 1883, úrskurðaði amtsráðið, að útgjaldaliður 6. færist niður um 300 kr., 3: styrkur til Flensborgarskólans, og eptirstöðvarnar færist upp um sömu upphæð. Amtsráðið athugar, að úttekt vantar á þeim vegagjörðum, sem unnar hafa verið, nema á brúnum yfir Elliðaárnar.

c. Reikning Austur-Skaptafellssýslu fyrir árið 1884.

Við þann reikning var ekkert að athuga.

d. Reikning Rangárvallasýslu fyrir árið 1884.

Var hann einnig samþykktur með þeim athugasemdum, sem við hann höfðu verið gjörðar í hjerði.

e. Reikning Vestmannaeyjasýslu fyrir árið 1884.

Við þennan reikning fannst ekkert athugasemmt.

f. Reikning Árnessýslu fyrir árið 1884. Amtsráðið lagði eptirfylgjandi úrskurði á athugasemdir þær, sem gjörðar höfðu verið við reikninginn í hjerði:

#### A. Tekjur.

Við athugasemd I. Eptirstöðvarnar færist upp um 62 kr. 25 a., með því amtsráðið líka býst við, að sýslunefndin leiti endurborgunar á þessu gjaldi þar sem við á, nfl. úr landssjóði.

Athugasemd II, fellur niður, samkvæmt svari reikningshaldara.

—>— III, 1 og 2, samþykkt af reikningshaldara.

—>— III, 3, fellur burt.

—>— III, 4, fellur burt.

#### B. Gjöld.

Við I, 2. Leiðrjett.

— II, 9. Amtsráðið leggur fyrir reikningshaldara, að gefa formlega kvittun fyrir 1000 kr. láni til sýslusjóðsins.

Athugasemd III. Fellur burt.

g. Reikning Gullbringu- og Kjósarsýslu fyrir árið 1884.

Amtsráðið úrskurðar, að samkvæmt úrskurði undir tölul. 4, b falli 5. gjaldaliður,

150 kr. (tillag til skólans í Flensborg), burt, og eptirstöðvarnar færast upp um sömu upphæð.

69

Amtsráðið fól oddvita, að brýna fyrir sýslumönnunum í Skaptafells-, Árnass og Gullbringu- og Kjósarsýslu, að tilgreina í sýslusjóðsreikningunum, hversu mikið af hinum árlegu eptirstöðvum sje eptirstöðvar af sýsluvegagjaldi, og hversu mikið af sýslusjóðsgjaldi.

5. Forseti skýrði frá, að hann hafi, í brjefi dags. 18. ág. f. á. til allra sýslumanna í suðuramtinu, lagt fyrir þá, að brýna fyrir sýslunefndunum, að þeim beri að ganga ríkt eptir, að fyrirmælum vegalaganna 15. okt. 1875, 5. gr., sje fylgt, að því er snertir vegabætur á hreppavegum og skýrslur um þær, og að láta amtsráðinu framvegis árlega í tje skýrslur um vegabætur á hreppavegum sýslunnar. Oddviti lagði fram skýrslur þær, sem hann samkvæmt þessu hafði fengið frá Skaptafells- og Rangárvallasýslum, og einnig var lesið upp úr sýslufundargjörðum Árnassýslu skýrsla um hreppavegi þar. Frá Gullbringu- og Kjósarsýslu hafði komið beiðni um frest, til að undirbúa skýrslur þaðan. Frá Borgarfjarðarsýslu voru engar skýrslur komnar. Amtsráðið kynnti sjer þessar skýrslur, og áleit skýrslurnar frá Skaptafells- og Rangárvallasýslum fullnægjandi.

6. Forseti lagði fram eptirfylgjandi eptirrit af gjörðabókum sýslunefndanna:

- a. Austur-Skaptafellssýslu, fundargjörðir 10. maí 1884.
- b. Vestur-Skaptafellssýslu, fundargjörðir 6. júní og 22. okt. 1884. Við þessar fundargjörðir fannst ekki annað athugavert en það, að amtsráðinu virðast óviss gjöld í Vestur-Skaptafellssýslu (380 kr.) vera óþarflega hátt áætluð, einkum þar sem eptirstöðvar eru áætlaðar 357 kr. 12 a.
- c. Rangárvallasýslu, fundargjörðir 25. júní og 9. og 10. okt. 1884, og 15. maí 1885. Við þær fannst ekkert athugavert.
- d. Vestmannaeyjasýslu, fundargjörðir 27. og 31. maí og 17. sept. 1884, og 27. febr. 1885. Við þær fannst heldur ekkert athugavert.
- e. Árnassýslu, fundargjörðir frá 20.—24. apríl 1885. Við þær fannst heldur ekkert athugavert.
- f. Gullbringu- og Kjósarsýslu, fundargjörðir 27. maí og 12. nóv. 1884. Við þær fannst heldur ekkert athugavert.
- g. Borgarfjarðarsýslu, fundargjörðir 30. maí og 14. okt. 1884. Við þær fannst heldur ekkert athugavert.

7. Forseti tilkynnti brjef landshöfðingja, dags. 15. desbr. f. á., þar sem ákveðið er, að kennsla í yfirsetukvennafræði skuli hjer eptir fram fara tvisvar á ári, og byrja 1. apríl og 1. október ár hvert.

8. Forseti lagði fram brjef landshöfðingja, þar sem hann skorar á amtsráðið, að koma fram með tillögur sínar um, hvernig verja skuli styrk þeim úr landssjóði, sem landshöfðinginn hefur beinlínis til umráða, til eflingar búnaði.

Amtsráðið gjörir ráð fyrir, að upphæð sú, sem það á að gjöra uppástungur um, sje eins og undanfarin ár, 3533 kr. 33 a., og urðu tillögur amtsráðsins þessar:

- a. Forseti skýrði frá, að hann hefði samið við Ólaf Ólafsson búfræðing um, að hafa yfirumsjón og eptirlit með áframhaldandi flóðgardahleðslu í Safarmýri, fyrir borgun eptir reikningi, allt að . . . . . kr. 200,00 og var það samþykkt.

Flyt kr. 200,00

69

- Fluttar kr. 200,00
- b. að búnaðarfjelagi suðuramtsins sjeu veittar . . . . . — 1200,00
- c. lagðar voru fram bænarskrár frá búnaðarfjelögum í 5 hreppum, nfl. Hálsa-, Reykholtisdals-, Lundarreykjadal-, Skorradals- og Seltjarnarnesshreppum. Þaræð amtsráðinu hefur verið skýrt frá, að búnaðarfjelag suðuramtsins hafi ætlað fje til styrktar minni búnaðarfjelögum í amtinu, leggur það til, að þessum bónarbrjefum sje vísað til búnaðarfjlags suðuramtsins, og að ennfremur verði veittar til viðbótar við þann styrk, sem búnaðarfjelagið hefur lofað . . . . . — 100,00
- Búnaðarfjelag Örafinga, sem fjeck 200 kr. styrk næstl. ár, þykir ekki ástæða til að fá styrk að þessu sinni.
- d. að veittar sjeu í eitt skipti fyrir öll, til þess að gjöra í Þorlákshöfn nýja þriðju lendingu . . . . . — 1000,00
- þannig, að fje þetta verði þá fyrst greitt, er framlögð verður skoðunargjörð um verkið.
- e. til framhalds á flóðgardahleðslu í Safarmýri . . . . . — 1033,33
- Samtals kr. 3533,33

Paraðauki höfðu amtsráðinu borizt bænarskrár um styrkveitingar frá þessum mönnum:

1. Ólafi Ólafssyni búfræðing, til þess að afla sjer frekari þekkingar á landbúnaðarskólanum í Kaupmannahöfn.
2. Gísla Gíslasyni búfræðingi á Bitru til jarðyrkjuverkferakaupa.
3. Sjera Jens Pálssyni á Þingvelli til að koma upp húsi yfir laxaklak.
4. Þorkeli Jónssyni á Ormsstöðum, til að láta mann læra steinsmíði.
5. Sjera Þorkeli Bjarnasyni á Reynivöllum, til að halda búfræðing, og
6. Hermanni jarðyrkjumanni Jónassyni, til að halda áfram námi við landbúnaðarskólann í Kaupmannahöfn.

Þaræð amtsráðið álitur, að þessu fje eigi helzt að verja til þeirra verka, sem hafa almenna þýðingu, og að sú sje tilætlun fjárveitingarvaldsins með veitingu þess, sjer það sjer ekki fært, að sinna neinum af þessum fjárbónum, og hvað sjerstaklega snertir hina síðastnefndu, álitur amtsráðið, að hún heyri undir amtsráðið í norður- og austuramtinu, ef henni ætti að sinna.

9. Forseti lagði fram brjef landshöfðingja, dags. 16. desbr. f. á., þar sem því er skotið til aðgjörða amtsráðsins, hvort beri að greiða úr jafnaðarsjóði suðuramtsins ferðakostnað prófestsins í Vestur-Skaptafellssýslu frá heimili sínu austur að Prestsbakka á Síðu, til þess að taka við skjölum prófastsdæmisins, en með sjerstöku tilliti til þess, að ferðin að nokkru leyti sýnist hafa verið gjörð, til þess að afgreiða í tækan tíma verðlagsskrárskýrslu frá prófastsdæminu; — þaræð kostnaður sá, sem hjer um ræðir, hefur eingöngu orsakast af prófastaskiptum, og ekki er gjörður í þarfir suðuramtsins, virðist þessi kostnaður ekki eiga að lenda á jafnaðarsjóði suðuramtsins.

10. Forstöðunefnd kvennaskólans sækir um sama styrk eins og undanfarin ár. Eptir að amtsráðið hafði kynnt sjer skýrsluna um aðgjörðir skólans síðastliðið ár, og reikning um tekjur hans og gjöld, ákvað það, að veita kvennaskólanum 200 kr. styrk úr jafnaðarsjóði fyrir árið 1885.

11. Eptir tillögum sýslunefndarinnar í Rangárvallasýslu og meðmælum hlutað-

eigandi sýslumanns samþykkti amtsráðið, að framvegis sje að eins einn hreppstjóri í Fljótshlíðarhreppi.

69

12. Sýslunefndin í Rangárvallasýslu hafði farið þess á leit, að úrskurður amtsráðsins á sýslusjóðsreikningi Rangárvallasýslu 1883 um kostnað leiðandi af endurskoðun jarðamatsins, verði felldur niður. Amtsráðið ákvað, að benda sýslunefndinni á, að fara þess á leit við landsstjórnina, að kostnaður þessi, sem snertandi landsmálefni, verði endurgoldinn úr landssjóði.

13. Erindi frá sýslunefndinni í Árnessýslu sama efnis var útkljáð á sama hátt.

14. Lagt var fram erindi frá sýslunefndinni í Rangárvallasýslu, þar sem beðizt er leiðbeiningar amtsráðsins um, hvernig greiða skuli úr sveitarvandráðum Landmanna-hrepps, sem orsakast hafi af hinum stórkostlegu skemmdum, sem margar jarðir þar hafi orðið fyrir af völdum náttúrunnar. Þar sem amtsráðið hefur ekkert fje til umráða, til þess að bæta úr þessu, með því að flestar sýslunefndir, þar á meðal Rangárvallasýslunefnd voru á móti því, að amtsfátækra sjóður væri stofnaður, þegar uppá því var stungið af amtsráðinu, getur amtsráðið ekki vísað á neinn styrk í þessu skyni, en verður að á-líta, að sýslunefndin, samkvæmt 39. gr. sveitarstjórnarlaganna, eigi að gjöra hinar nauðsynlegu ráðstafanir, til þess að afstýra í bráð vandráðum í þessum hreppi. Aftur á móti þótti amtsráðinu fyllsta ástæða til, að gjöra á ný fyrirspurnir til sýslunefndanna um, hvort þeim þætti ekki ástæða til, að gjöra undirbúning undir stofnun amtsfátækra sjóðs, samkv. 52. gr. tölul. 5 sveitarstjórnarlaganna.

15. Erindi sýslunefndarinnar í Árnessýslu um, að 520 kr. af fje, úthlutaðu sýslunni til eflingar búnaði 1884, megi verja: 275 kr., til að gjöra nýjan farveg í Skúfs-læk í Villingaholtshreppi, og 245 kr. til stýflu í Hengladalsá og framskurðar í Hjalla-for í Ölveshreppi, ákvað amtsráðið, að vísa til landshöfðingja með meðmælum sínum.

16. Forseti lagði fram erindi frá hreppsnefndinni í Gaulverjabæjarhreppi, þar sem hún kærir yfir því, að sýslunefndin í Árnessýslu hafi skorazt undan, að hafa nein afskipti af stýflun og framrennsli Hróarsholtslækjar. Amtsráðið ákvað, að leita álita sýslunefndarinnar í Árnessýslu um þetta málefni.

17. Hreppsnefndin í Gaulverjabæjarhreppi hafði kært yfir ályktun sýslunefndarinnar í Árnessýslu á aðalfundi hennar f. á. um, að sýsluvegagjaldið í nefndum hreppi skyldi færast upp um kr. 20,57, sökum þess að 17 verkfærir menn hefðu verið vantaldir í skýrslunni um verkfæra menn í hreppnum. Með því að amtsráðið er sýslunefndinni samdóma um, að þessir umræddu menn hafi átt að teljast meðal verkfærra manna, úrskurðar það, að ályktun sýslunefndarinnar skuli standa óhöggud.

18. Eftir tillögum sýslunefndarinnar í Árnessýslu samþykkti amtsráðið, að vegurinn yfir Grafningsháls yfir Álptavatn austur yfir Grímsnes að Spóastadaferju verði gjörður að sýsluvegi, að hinn svo nefndi «Ásavegur» verði framlengdur sem sýsluvegur yfir Merkurhraun að Nautavaði á Þjórsá og að í stað sýsluvegarins frá Gneistastöðum að Egilsstöðum verði framvegis sýslu- og póstvegur vegurinn frá Gneistastöðum fram hjá Villingaholti að Nesferju á Þjórsá.

19. Erindi frá sýslunefndinni í Árnessýslu um meðmæli til fjárveitingar til aðgjörða á sýsluvegum á aðalpóstleið ákvað amtsráðið að senda til landshöfðingja með þeim tilmælum, að hið umbeðna verði veitt.

20. Sömuleiðis vísaði amtsráðið til landshöfðingja með meðmælum sínum öðru

69 erindi frá sömu sýslunefnd um 100 kr. fjárveitingu úr landssjóði til framhalds á vegabót á Grindaskarðavegi.

21. Forseti lagði fram erindi frá sömu sýslunefnd og því fylgjandi 3 bænarskrár um heiðursgjafir af styrktarsjóði Kristjáns konungs 9. — Amtráðið ákvað, að mæla fram með því við landshöfðingja, að Lopti bónda Gíslasyni á Vatnsnesi verði veitt hin umbeðna heiðursgjöf.

22. Þá voru lagðar fram 2 reglugjörðir um notkun afrjetta og fl. í Árnessýslu, og reglugjörð um grenjaleitir og refaveiðar í sömu sýslu, sem sýslunefndin þar hafði samþykkt á síðasta aðalfundi sínum og óskað staðfestar af amtráðinu. Amtráðið ákvað, að staðfesta reglugjörðina um grenjaleitir og refaveiðar, en hinar 2 reglugjörðirnar treystist amtráðið ekki til að staðfesta sökum þess, að sumar ákvarðanir þeirra koma í bága við gildandi lög, og sumar virðast koma í bága hver við aðra, og fól amtráðið forseta sínum, að benda sýslunefndinni á, hverjar ákvarðanir það væru, sem laga þyrfti.

23. Þá kom til umræðu veiting styrks af jafnaðarsjóði til ábúandans á Kolviðarhóli. Eptir uppástungu forseta ákvað amtráðið, að leggja til með því við landshöfðingja, að umsjónin með sæluhúsinu á Kolviðarhóli verði framvegis falin hreppsnefndinni í Ölveshreppi. Í annan stað ákvað amtráðið, að veita fyrir yfirstandandi ár hinn venjulega styrk úr jafnaðarsjóði. En jafnframt tók amtráðið það fram, að framvegis skyldi ekki greiða neitt fje úr jafnaðarsjóði til sæluhússins, fyr en ný ákvörðun væri tekin.

24. Þá lagði forseti fram brjef frá sýslunefndinni í Gullbringu- og Kjósarsýslu, þar sem hún beiðist samþykkis amtráðsins til, að mega taka lán úr landssjóði á ábyrgð sýslufjelagsins allt að 20000 kr., til þess að afstýra hallæri í sýslunni, og var hið umbeðna samþykki veitt.

25. Amtráðið samþykkti tillögu sýslunefndarinnar í Gullbringu- og Kjósarsýslu um, að 9. yfirstekvennaumdæmi sýslunnar, Rosmhvalanesshreppi, sje skipt í 2 ljósmóðurumdæmi, þannig, að Útskálasókn, að undanskilinni Keflavík, verði annað umdæmið, og Hvalsnessókn hitt umdæmið.

26. Landshöfðingi hafði leitað álits amtráðsins um erindi frá hreppsnefnd Kjósarhrepps, þar sem sótt er um styrk úr landssjóði til endurbóta á sýsluveginum fyrir framan Eyrarfjall á Reynivallahálsi, sem er aðalpóstleið, að upphæð 500 kr., og 300 kr. til að leggja brú yfir Fos-á á sömu aðalpóstleið. Sýslunefndin í Gullbringu- og Kjósarsýslu hafði mælt með þessari styrkbeiðslu, þó þannig, að styrkurinn til brúargjörðar yfir Fossá væri nægilegur 200 kr. Amtráðið vill mæla með þessari styrkbeiðslu með þeirri breytingu, sem sýslunefndin hefur stungið upp á.

27. Því næst var rædd og samþykkt áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins fyrir árið 1886:

Tekjur:

1. Eptirstöðvar . . . . .	kr. 1000,00
2. Niðurjöfnun . . . . .	— 1720,00
	<hr/>
	kr. 2720,00

Gjöld:

1. Til bólusetninga og annara heilbrigðisráðstafana . . . . .	kr. 500,00
2. Til ferðakostnaðar . . . . .	— 200,00
	<hr/>
	Flyt kr. 700,00

	Fluttar	kr.	
3. Til kennslu heyrnar- og málleysingja . . . . .	—	200,00	<b>69</b>
4. Til sáttamálefna . . . . .	—	20,00	
5. Kostnaður við amtsráðið . . . . .	—	100,00	
6. Ýmisleg útgjöld . . . . .	—	700,00	
7. Eptirstöðvar . . . . .	—	1000,00	
		<u>kr. 2720,00</u>	

Síðan var fundarbókin lesin upp og fundi slitið 6. júní 1885.

Reykjavík 28. júlí 1885.

*Magnús Stephensen*  
settur.

70

### Skýrsla

um aðalfund amtsráðsins í vesturamtinu 18.—20. d. júnímánaðar 1885.

Ár 1885 hinn 18. júnímánaðar átti amtsráð vesturamtsins fund með sjer í Stykkishólmi, og mættu á fundinum forseti ráðsins yfirdómari settur amtmaður Magnús Stephensen, sýslumaður S. E. Sverrisson og Hjálmur Pjetursson, sýslunefndarmaður.

Eptirgreind málefni voru fyrirtekin:

1. Forseti framlagði jafnaðarsjóðsreikning vesturamtsins fyrir árið 1884 og var hann yfirfarinn og athugaður, og fannst ekkert út á hann að setja.

2. Forseti framlagði reikning yfir búnaðarskólalagjald vesturamtsins fyrir árið 1884, og fannst ekkert við hann að athuga.

3. Forseti framlagði reikning yfir búnaðarsjóð vesturamtsins fyrir árið 1884, og fannst ekkert við hann athugavert.

4. Forseti framlagði eptirgreinda sýslusjóðsreikninga:

Frá Mýrasýslu fyrir árið 1883,

— Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu fyrir árið 1884,

— Dalasýslu fyrir árið 1884,

— Barðastrandarsýslu fyrir árið 1883,

— Strandasýslu fyrir árið 1884, og fannst ekkert við þá athugavert.

5. Forseti framlagði eptirgreind eptirrit af gjörðabókum sýslunefndanna:

a. frá Mýrasýslu 27. maí og 18. júní 1884 og 11. maí 1885.

b. — Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 20., 21. og 22. apríl 1885.

c. — Dalasýslu 23. okt. 1884 og 24. og 25. apríl 1885.

d. — Barðastrandarsýslu 27. maí og 24. nóvember 1884.

e. — Ísafjarðarsýslu 5. ágúst, 26. sept. 1884, og 26.—28. marz 1885.

f. — Strandasýslu 19. sept. 1884 og 24. febr. 1885,

og var ekkert fundið við þau sjerstaklegt að athuga.

6. Framlagði forseti brjef landshöfðingjans, dags. 15. des. 1884, er tilkynnir, að hann hafi ákveðið, að kennsla í yfirsetukvennafræði hjá landlækninum skuli hjer eptir fram fara tvisvar á ári og kennslutíminn byrja 1. apríl og 1. október ár hvert.

7. Forseti skýrði frá, að hann samkvæmt ákvörðun amtsráðsins á síðasta fundi þess, hefði skrifað öllum sýslumönnum í vesturamtinu og skorað á þá að brýna fyrir sýslunefndunum að breyta vandlega eptir fyrir mælum vegatilskipunarinnar um umsjón